

# KJARVAL

15%  
afsláttur



**558** KR.  
KG.  
Godá súpukjöt  
lífill poki



**898** KR.  
KG.  
Bautabúrs  
ungnautahakk



**398** KR.  
STK.  
Freschetta  
Sponge Bob pizza



**1.398** KR.  
KG.  
Rose daniskar  
kjúklingabringur



**551** KR.  
PK.  
Gríms  
heilsuþuff



**199** KR.  
PK.  
DM spakettisósa  
Traditional



**99** KR.  
PK.  
Grand Italia  
spaghetti



**499** KR.  
PK.  
Kellogg's  
Special K



**249** KR.  
STK.  
Myllu heilhvætti  
samlokubrauð



**499** KR.  
KG.  
Sperkilkál/  
brokkolí



**199** KR.  
KG.  
Vatnsmelónur  
rauðar



**349** KR.  
STK.  
HD 100% safi



**249** KR.  
PK.  
FIS salernispappír  
8 rúlltur

- Þín tilboð í Kjarval -

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

SMÁAUGLÝSINGAR

## Konur á Klaustri og nærsveitum

## KVENNALEIKFIMI Gleðilegt ár

*Nú byrjum við aftur hressar og kátar á nýju ári*

### Ath. breyttir tímar sem hér segir:

mánudaga kl. 19:00-20:30  
miðvikudaga kl. 17:00-18:30  
fimmtudaga kl. 19:00-20:30

Allar konur velkomnar, hlakka til að sjá sem flestar svo hægt verði að halda tímunum gangandi

### Nýárskveðjur

**FANNDÍS STEINSDÓTTIR**

### VÍSA VIKUNNAR

Um sumarkvöld ég sit við kræklótt tré og sólfarsvindar strjúka rjóða vanga mig undrar sífellt óræð lífsins ganga og allt það sem húm lætur manni í té.

Ég þreyttur stari á gisnar gróðurvinjar og gleymdar myndir birtast ein og ein í minni sálu er eingin hugsun hrein og hjartakenndir tærar aðeins minjar.

Því allt var selt á lostans torgi og tásli og taumlaus girndin drekkir þínu sjálfi í senn þú líkist kjölturakka og kálfi sem kvoðan sökkrvir langt upp fyrir háls.

Þér bjargar engin andakt, von né trú því allir breyttu á sama hátt og þú.  
VALDIMAR TÓMASSON

### Málsháttur vikunnar

Jafnir baggar fara best.  
*Best er að jafnvægi sé í öllu (milli góðs og ills) í lífinu.*


### Ný netverslun -

[www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)  
*Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.*

VITINN á [www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)

1. TBL. 13. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 7. JANÚAR 2009

## Þorralót Víkurbúa



verður haldið í Leikskálum laugardaginn 24. janúar.  
Nánari upplýsingar verða birtar í málgagni nefndarinnar  
á næstu dögum



Nefndin

## Skaftárhreppur



## Húsaleigubætur 2009

Skaftárhreppur minnir á að skv. 4. gr. reglugerð um húsaleigubætur nr. 118/2003 skal sækja um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka.

Umsóknir skulu hafa borist sveitarfélagi eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Berist umsókn síðar verða húsaleigubætur ekki greiddar vegna þess mánaðar.

Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu Skaftárhrepps og á vef félagsmálaráðuneytisins.

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/husaleigubaetur/>

Skrifstofa Skaftárhrepps.



Þórunn Júlíusdóttir, móðir Leifs Bjarka, tók við verðlaununum fyrir hans hönd.

### Íþróttamaður Skaftárhrepps 2008

Íþróttamaður ársins í Skaftárhreppi var valinn við hátíðlega athöfn á Héraðsbókasafninu á Þorláksmessu. Að þessu sinni voru 5 tilnefndir, þau eru Harpa Ósk Jóhannesdóttir frjálsíþrótt- og hestakona frá Skafta, Hörður Már Kolbeinsson knattspyrnumaður hjá Aftureldingu, Leifur Bjarki Erlendsson knattspyrnumaður hjá Val, Sindri Már Kolbeinsson knattspyrnumaður hjá Aftureldingu og Þórunn Bjarnadóttir körfuknattleikskona hjá Val. Það var Leifur Bjarki Erlendsson sem varð fyrir valinu.

*Þjálfarinn Leifs Bjarka sagði að þegar hann hefði mætt á sína fyrstu æfingu hjá Val fyrir nokkrum árum síðan þá hefði hann strax séð að þarna færi drengur sem ætlaði sér að ná langt og hefði mikinn metnað. Hann hefur allar götur síðan stundað æfingar hjá Val af miklum metnaði og lagt mikið á sig til að ná lengra. Hann er alltaf með fyrstu mönnum á æfingar og missir ekki úr æfingu. Þarna er á ferðinni leiðtogi á knattspyrnuvelliðnum enda hefur hann síðustu misseri borið fyrirliðabandið hjá 2.flokki karla. Leifur er nú þegar farinn að banka á dyrnar hjá hinu sigursæla meistaraflakksliði Vals því nú á haustdögum hefur hann spilað æfingaleiki með liðinu.*



**Umhverfisverðlaun Skaftárhrepps 2008** voru veitt við hátíðlega athöfn á Héraðsbókasafninu á Þorláksmessu. Eins og undanfarin ár voru veitt verðlaun fyrir snytilegasta sveitabæinn og snyrtilegastu lóðina á Klaustri. Að þessu sinni voru það Björgvin Harðarson og Björk Ingimundardóttir á Hunkubökkum sem fengu verðlaunin fyrir snyrtilegasta sveitabæinn.

Verðlaun fyrir snyrtilegustu lóðina hlutu svo Páll Ragnarsson og María Guðmundsdóttir að Skerjavöllum 9.

*Á myndinni eru María Guðmundsdóttir, Björgvin Harðarson og Björk Ingimundardóttir.*

*Myndir og fréttir íþróttamaður ársins og umhverfisverðlaunin eru tekin af klaustur.is*

Gátur

**Hvað er stórt** og grátt og gengur í hringi? Fíll sem er fastur í snúningshurð.

**Hvað hefur sex** fætur, þrjú eyru, fjórar tennur og tvo rana? Fíll með varahluti

**Hvað er líkt** með fíl og banana? Þeir eru báðir gulir..... Nema fíllinn

**Hvað kallar þú** fíl með banana í eyrunum? Hvað sem þú villt, hann heyrir hvort sem er ekki í þér

**Hvernig veistu** að það er fíll í ískápnum? Það eru fótspor í smjörinu

# ÍBÚAFUNDUR

Fræðslunefnd Mýrdalshrepps og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands boða íbúa sveitarfélagsins á opinn íbúafund í Íþróttamiðstöðinni Vík laugardaginn 17. janúar 2009 kl. 10.00.

Fundurinn er boðaður til að fá hugmyndir og álit íbúa á því hvernig best sé að móta *Draumskóla Mýrdalshrepps.*

## Dagskrá

10.10 - 10.25 Hafsteinn Karlsson, skólastjóri Salaskóla. Hafsteinn hefur skoðað mismunandi kennsluhætti í íslenskum og finnskum skólum og hvernig sé hægt að gera íslenska skóla að betri og áhugaverðari vinnustað fyrir bæði nemendur og kennara.

10.25-10.40 Kolbrún Hjörleifsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Mýrdalshrepps.

10.40-10.50 Fyrirspurnir.

10.50-11.10 Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar. Margrét Pála hefur verið frumkvöðull í þróun skólastarfs í gegnum Hjallastefnuna.

11.10-11.25 Halla Ólafsdóttir, skólastjóri Leikskóla Mýrdalshrepps.

11.25-11.40 Björn Þráinn, framkvæmdastjóri fræðsluviðs Mosfellsbæjar. Mosfellsbær hefur verið í mjög áhugaverðum tilraunum með aukna samfellu á milli leik- og grunnskóla. Þar á meðal má nefna sérstaka 5 ára leikskóladeild við Varmárskóla frá 2004 og Lágafellsskóla frá 2005 undir stjórn leikskólanna. Nýjasta verkefnið er Krikaskóli sem er skóli frá 1 árs til 9 ára.

11.40-11.50 Fyrirspurnir.

11.50-12.05 Kristinn Níelsson, skólastjóri Tónskóla Mýrdalshrepps.

12.0-13.00 Matarhlé.

13.00-16.00 Vinnuhópar hefja störf. Að loknum fyrirlestrum verður frjálfs þátttaka í vinnuhópum þar sem íbúar munu eiga þess kost að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

**Allir íbúar Mýrdalshrepps eru hvattir til að mæta og taka þátt í að móta skólastarf til framtíðar á grundvelli nýrrar menntastefnu.**



# Íþróttamiðstöðin Kirkjubæjarklaustri.

## Opnunartími á sundlaug og tækjasal.

Mánudaga til föstudags:	15:30-18:00
Laugardaga:	10:00-14:00
Sunnudaga:	Lokað



Núna er rétti tíminn til að fara að hreyfa sig. Nýji tækjasalurinn er glæsilegur, þar er hægt að taka á þörfum hvers og eins.

**Þeir sem ætla að panta tíma hafi samband við Sigmar í síma 487 4656 eða 864 1196**

Umsjónarmaður



29.12.2008  
Víða leynist áhættufé.

Laugardaginn 20. desember s.l. fóru þeir félagar á fjórhjólum að leita kinda; Karl Pálmason bóndi í Kerlingardal og frís-tundabændurnir Sigurður Hjálmarsson og Emil Sæmundsson.

Fundu þeir eina kind í Össurheiði á Höfðabrekkuheiðum sem þeim tókst að handsama. Þetta reyndist vera veturgömull kind frá Karli Pálmasyni.

Eftir fangbrögðum Sigurðar Hjálmarssonar við kindina að dæma er þetta sannkallað áhættufé, eins og hann orðaði það sjálfur.

Tekið af vef Mýrdalshrepps [vik.is](http://vik.is)





### Gísli Vigfússon - Minning

Gísli Vigfússon fæddist að Flögu í Skaftártungu 29. ágúst 1923. Hann lést á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum 1. mars 2007.

Foreldrar hans voru Vigfús Gunnarsson bóndi á Flögu, f. 26. des. 1870, d. 3. feb. 1964 og kona hans Sigríður Sveinsdóttir húsfreyja á Flögu, f. 2. okt. 1879, d. 2. jan. 1972. Gísli var yngstur barna þeirra hjóna.

Systkini Gísla voru:

Guðríður, f. 1901, d. 1973. Gunnar, f. 1902, d. 1980. Sveinbjörg Pálína, f. 1904, d. 2005. Ágústa Þuríður, f. 1906, d. 1985. Sigríður, f. 1908, d. 1998 og Sveinn, f. 1910, d. 1929.

Einnig ólust upp á Flögu hjá foreldrum Gísla sonarsonur þeirra Sveinn Páll Gunnarsson, f. 1929, d. 2003, síðar bóndi þar, og systurbörn Sigríðar Sveinsdóttur, húsfreyju, þau Páll Sigurðsson, f. 1910, d. 1929 og Sigríður Sigurðardóttir, f. 1915, og lifir hún ein hópinn sem ólst upp á Flögu hjá Vigfúsi og Sigríði. Bjarni Marínó Jónsson, f. 1919, d. 1939, ólst upp á Flögu frá 10 ára aldri og var þar síðan vinnu- maður til æviloka.

Þann 14. nóvember 1953 kvæntist Gísli Sigríði Sigurðardóttur frá Ljótastöðum, f. 19. 1. 1937. Hún er dóttir Sigurðar Sverrissonar bónda og Ástríðar Bárðardóttur húsfreyju í Jórvík í Álftaveri

og síðar á Ljótastöðum í Skaftártungu.

Börn Gísla og Sigríðar eru:

1) Ásta Sigrún, f. 17. apríl 1955, sonur hennar er Jóhann Ómarsson f. 1977, sam- býliskona Guðríður Inga Ingólfssdóttir, barn þeirra Nói, f. 2005. 2) Vigfús Gunnar, f. 6. júní 1957, kona Lydía Pálmarsdóttir, f. 1957, synir þeirra, a) Gísli, f. 1979, sam- býliskona Lena Dögg Dagbjartsdóttir, barn þeirra Ísar Máni, f. 2006, b) Sigurbergur, f. 1985, unnusta Ragna Kristín Jónsdóttir. 3) Stúlka, andvana fædd, 5. apríl 1959. 4) Sigurður Ómar, f. 18. júlí 1960, kona Þórgunnur María Guðgeirsdóttir, f. 1973, börn þeirra a) Heiðrún Hrund, f. 2003. b) Bjarki Snær, f. 2006. Börn hans frá fyrri sambúð með Sólrúnu Auðbertsdóttur eru c) Sigríður Dögg, f. 1985, dóttir hennar Emilía Ósk Orradóttir, f. 2006, d) Brynjar Þór, f. 1986, e) Anna Björk f. 1991. 5) Jóna Líska, f. 11. mars 1963, maður Páll Gunnarsson, f. 1956, börn þeirra: a) Sævar Örn, f. 1982, unnusta Ína Björg Árnadóttir, b) Ágústa Sól, f. 1990. 6) Sigurgeir Bjarni, f. 8. apríl 1965, kona Jóhanna Lind Elíasdóttir, f. 1968, synir þeirra a) Breki Blær, f. 1995. b) Darri Dagur, f. 1999. 7) Sverrir, f. 6. apríl 1969, kona Fanney Ólöf Lárusdóttir, f. 1970, börn þeirra a) Svanhildur, f. 1999, d. 25. ágúst 1999, b) Sólrún Lára, f. 2002 og c) Sigurður Gísli, f. 2006.

Gísli bjó alla sína tíð á Flögu. Árið 1957 stofnuðu þau hjón nýbýlið Flögu 2 og byggðu þá íbúðarhús og aðrar byggingar sem þurftu til búskaparins ásamt því að stækka og rækta ný tún og bæta jörðina til búskapar að öðru leyti. Gísli og Sigríður hættu hefðbundnum búskap árið 1997.

Árið 1990 hófu þau rekstur ferðaþjón- ustu á Flögu samhliða öðrum störfum. Þeim rekstri héldu þau áfram eftir að þau hættu hefðbundnum búskap.

### Löggufréttir

Samantekt vikuna 29. desember 2008 til 5. janúar 2009

#### LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Gleðilegt ár og þakkir fyrir árið sem var að líða!

Alls voru 67 mál þessa vikuna á Hvolsvelli.

Í vikunni sem leið voru 15 stöðvaðir fyrir of hraðan akstur í umdæminu og sá sem hraðast ók var á 142 km hraða.

Fimm umferðaróhöpp voru tilkynnt í vikunni. Engin alvarleg slys urðu í þessum tilvikum. Mjög hált hefur verið og hvetjum við öikumenn að sýna varúð í umferðinni. Ein af umræddum bifreiðum var ótryggð en um er að ræða bílaleigubifreið. Kom í ljós að fleiri ökutæki eru ótryggð hjá umræddri bílaleigu. Mál hennar eru nú til rannsókn- ar.

Aðfarnótt laugardagsins 3. janúar s.l. var tilkynnt um mannaferðir við Sláturhúsið á Hellu. Stuttu síðar sáust tvær bifreiðar aka vestur frá Hellu. Lögreglan á Selfossi stöðvaði bifreiðarnar skömmu síðar með mikið magn af kjöti. Öikumenn beggja bifreiða stóðust ekki próf en í þeim mæld- ust fíkniefni. Þetta er fjórða innbrotið frá því í ágúst s.l. og leikur grunur á að þessir aðilar eigi jafnvel hlut að máli í þeim tilvikum einnig. Lögreglan á Hvolsvelli sér um rannsókn málsins.

Á aðfaranótt nýjarsdags var tilkynnt um eld í íbúðarhúsi við Krókatún á Hvolsvelli. Þarna hafði kveiknað í að öllum líkindum út frá friðarkerti sem logaði í bakgarðinum við þvottahúshurðina. Var nýbyrjað að rigna og mun það sennilega vera ástæðan. Þegar vatn kemst að útikerti getur stór logi komið af kertinu. Slökkviliðið mætti örskömmu síðar og gekk slökkvistarf vel.

Töluverðar skemmdir urðu á húsinu en klæðning að utan var ónýt svo barst eldur í þvottahúsið en reykur barst um íbúðina.

Áramótin voru slysalaus í umdæminu og fóru skemmtanir allar vel fram. Fólk gerði sér glaðan dag en allir í sátt og engar líkamsárásir voru tilkynntar þessa vikuna á Hvolsvelli.

Fyrir utan dansleik á nýjárnsótt á Hvolsvelli hafði ökuamaður brugðið sér úr bifreið sinni og skilið hana eftir í gangi og opna. Bifreiðin var tekin og fannst skömmu síðar ekki langt frá og var óskemmd. Þetta kennir okkur að skilja aldrei eftir ökutæki með lykklum í því tryggingar taka ekki yfir slík mál þó að bifreiðin sé í kaskótryggingu. Ökutækin verða að vera læst.

Það er tilhlökkunarefni að takast á við nýtt ár en eins og komið hefur fram í samantektum okkar höfum við verið hep- pin á okkar svæði þar sem alvarlegum sly- sum í umferðinni hefur fækkað til muna. Viljum við þakka það miklu og sýnilegu eftirliti með umferð á svæðinu.

Tökum okkur á og förum varlega í umferð, leik og starfi.

Kær kveðja,

Tekið saman af, Guðmundi Inga Ingasyni, varðstjóra, Kirkjubæjarklaustri

Fuglarnir litlu fljúga hjá fyrir augum vorum og gera oss skömm til. Vér ættum að taka ofan fyrir þeim og segja: Minn kæri, litli herra doktor! Ég verð að játa, að ég kann ekki þá list, sem þú kannst. Þú sefur nóttina út í litla bólinu þínu, laus við allar áhyggjur. Að morgni flýgur þú aftur út, ert glaður og kátur, sest á grein og syngur, vegsamar Guð og þakkar honum, og því næst leitar þú að kornögninni þinni og finnur hana. Fuss! Hvað hef ég, gamalt flón, lært, að ég skuli ekki líka haga mér svona?

- Marteinn Lúther

hafa verið teiknaðar inn á skipulagsuppdrátt og vegið og metið kosti og galla finnst mér þessi lína sunnan Víkurkaupþúns um bakka Dyrhólaóss og sunnan Geitafjalls vera sú eina sem til greina kemur.

Verði sú leið ekki valin er lang best að gera ekki neitt en lifa við óbreyttan veg í einhver ár í viðbót. Það hefur nógu lengi verið landlægt hjá Vegagerðinni að hirða aurinn og henda krónunni.

Þórir N. Kjartansson  
Vík.

### Sérstæðir áramótasiðir

*Siðir um áramót geta verið skondnir og skemmtilegir.*

Í Cornwall á Englandi er siður að setja kol og silfurpeninga fyrir framan útidynnar á nýársnótt. Það á að tryggja íbúum hússins yl og næga peninga út árið.

Í Þýskalandi nota menn lauka til að spá fyrir um veðrið á nýja árinu. Sex laukar eru skorin í tvennt og salti dreift í sárin. Hver helmingur stendur fyrir einn mánuð ársins. Eftir nokkrar klukkustundir eru laukarnir skoðaðir. Ef saltið hefur horfið inn í laukinn þýðir það vætusama mánuði. Ef saltið er enn utan á lauknum þýðir það hita og þurrviðri.

Á nýársdag í Grikklandi er borin á borð sérstök kaka sem heitir Vassilopitta. Í kökunni er silfur- eða gullpeningur. Sá sem finnur peninginn mun eiga gæfuríkt ár.

Á Spáni er siður að borða tólf vínber á miðnætti á gamlárskvöld, eitt í hvert skipti sem klukkan slær. Fæstum tekst að koma niður tólf vínberjum á tólf klukkuslögum, en siðurinn vekur kátínu þar sem fólk óskar hvert öðru gleðilegs árs með fullan munn af vínberjum.

Í Austurríki borða menn svínakjöt á nýárskvöld, vegna þess að svín eru svo dug-

leg að róta sér áfram. Sælgaeti er líka borið fram í formi grísa og svína. Humar er ekki borðaður á gamlárskvöld, en neysla hans boðar afturför á árinu.

Í Brasilíu er því trúð að linsubaunajurtin tákni ríkidæmi og linsubaunasúpa er borðuð á nýársdag eða linsubaunir og hrísgrjón.

Á Filippseyjum hoppa börnin tíu sinnum meðan klukkan slær tólf, en það þýðir að þau muni stækka meira á nýja árinu.

Í Rúmeníu trúa menn að dýrin fái mál um miðnætti, en sömuleiðis að það boði ógæfu að heyra þau tala.

Á nýársdag í Egyptalandi mega allir klæðast skærum fötum, jafnvel stúlkurnar sem klæðast yfirleitt svörtu. Börnum er einnig gefið nammi en strákarnir fá nammi í laginu eins og strákur á hestbaki en stelpur fá nammi í laginu eins og stelpa í kjól.

Á gamlárskvöld í Víetnam er planta, lík bambusplöntunni, gróðursett í garði fjölskyldna. Fjölskyldur skreyta síðan plöntuna með bjöllum, blómum og rauðum borðum til að vernda fjölskylduna gegn illum öndum.

Í Mexíkó eru konur í rauðum nærfötum á áramótum, en það eykur líkurnar á að þær finni ástina á nýju ári.

KAMPAVÍN er vinsælt að skála í klukkan tólf á gamlárskvöld.

Bera á kampavín fram í háum, grönnum glösum því þá haldast loftbólurnar lengur í víninu og bragðgæðin haldast betur en ef vínið er borið fram í lágum og víðum glös-um.



Gísli sat í hreppsnefnd Skaftártungu-hrepps í áratugi, var í stjórn Verslunarfélags Vestur-Skaftfellinga og fleiri félaga. Auk bústarfa veitti hann forstöðu afgreiðslu Verslunarfélagsins á Flögu. Hann hafði með höndum bensínafgreiðslu auk vinnu við símsstöðina. Gísli sinnti í tengslum við póstafræiðsluna á Flögu pósthæðum í Meðalland og víðar.

Gísli dvaldi síðustu árin á Klausturhólum vegna hnignandi heilsu

Útför Gísla var gerð frá Grafarkirkju í Skaftártungu laugardaginn 10. mars, 2007

***Við vinnslu Skaftfellingaþátta Fb. 2007 hefur á einhvern óskiljanlegan hátt fallið niður nafn Gísla Vigfússonar á Flögu.***

***Biðjum við aðstandendum innilega afsökunar á þessum mistökum.***

***Birtum við því þáttinn um Gísla heitinn hér í Vitanum og síðan aftur í næsta Fréttabúa.***

***Við vottum eiginkonu Gísla svo og aðstandendum öllum samúð.***

E&S

### Þrettándinn

Þjóðsögurnar herma að síðasti jólasveinninn fari heim á þrettándanum eins og sjá má í þessu vísuþroti:

Svo tíndust þeir í burtu,  
-það tók þá frost og snjór.  
Á Þrettándanum síðasti  
sveinstaulinn fór.

*(Jólasveinavísa / Jóhannes úr Kötlum)*

Þrettándinn er sjötta janúar, hann er þrettándi og síðasti dagur jóla. Eftir tímatsbreytinguna árið 1700 bar hann næstum niður á sama dag og jólin hefðu annars byrjað. Dagurinn var reyndar oft kallaður "gömlu jólin". Líklegt þykir að það sé þess vegna sem þrettándanótt á svo margt skylt

með nýársnótt í þjóðtrú og siðum, meðal annars tala kýr þá mannamál. Álfabrennur eru algengar á þrettándanum.

Á þrettándanum voru síðustu afgangar jólamatarins borðaðir, menn spiluðu og var talað um að spila jólin út, og kveikt var í brennum og kertum og var talað um að brenna út jólin.

Nú er glatt í hverjum hól eftir Sæmund Eyjólfsson og Helga Helgason var ort fyrir þrettándann árið 1891.

Nú er glatt í hverjum hól  
Hátt nú allir kveði  
Hinstu nótt um heilög jól  
Höldum álfagleði

Fagurt er rökkrið  
um ramman vættarsöng  
syngjum dátt og dönsum  
því nóttin er svo löng

**tímatsbreytingin:** skipt var um tímatal á þessum tíma

**álfabrennur:** Fólk safnaði saman ýmsum hlutum sem gátu brunnið og kveiktu í á þrettándanum. Svo safnaðist fólk saman í kringum brennurnar og skemmti sér. Enn í dag eru brennur á þrettándanum, en líka á gamlárskvöld.



## Vangaveltur um vegamál.

Um nokkurra ára skeið hefur verið vaxandi umræða um breytta veglínu um Miðmýrdal ásamt jarðgöngum í gegnum Reynisfjall. Til að byrja með var undirritaður enginn sérstakur áhugamaður um þetta en með vaxandi umræðu og þó sérstaklega eftir að farið var að draga veglínu sem mér sýnast vera hin mesta fjarstæða fór ég að blanda mér meira í þessi mál og var einn af þeim sem undirbjó stofnun á samtökunum, Betri byggð í Mýrdal. Ef og þegar að því kemur að hrinda þessu í framkvæmd væri það stórslys ef framkvæmdin væri eitthvert klúður sem samt myndi kosta óhemju fjárhæðir. Þessvegna er gríðarlega mikilvægt að besta leið verði valin, þó ég geri mér fulla grein fyrir því að aldrei verða allir á eitt sáttir um svo viðamikla framkvæmd.

Veglína sunnan Víkurþorps, gegnum Reynisfjall, með bökkum Dyrhólaóss að norðan og fast sunnan við Geitafjall er að mínu mati sú leið sem kemst næst því að fullnægja flestum þeim markmiðum sem að er stefnt um bættar samgöngur. Stytting Hringvegarins yrði u.þ.b. 4 km., vegurinn allur á flatlendi í stað þess að liggja um tvær brattar brekkur, snjóalög yrðu aldrei til trafala nema hugsanlega í mestu snjóavetrum, sem koma ekki nema á einhverra áratuga fresti, jafnvindi miklu meira en í fjallaskörðunum í Víkinni og umferðin flyttist eins langt frá íbúðabyggðinni í Vík og hægt er án þess að sneitt yrði framhjá þorpinu, sem myndi þýða tap á viðskiptum fyrir þau fyrirtæki sem byggja mest á ferðamanninum.

Það sem ég hef undrast hvað mest varðandi þessa umræðu er að hörðustu andstæðingar þessarar veglínu eru líklega þeir sem myndu hafa af henni mesta hagræðið.

Þar á ég við fólk utan úr Mýrdal sem sækir vinnu til Víkur ásamt allskonar þjónustu, auk þess, sem þyngst vegur, að börn eru keyrð daglega í skóla, nánast hverju sem viðrar allan veturinn.

Þegar til stóð að leggja af kennslu á Ketilsstöðum var það eitt aðal áhyggjuefni foreldra í Útmýrdalnum að keyra börnin í gegnum veðravítið í Víkinni. Þetta sjónarmið skildi ég mætavel en nú virðist það alveg gleymt. Þá er einnig ótalið hvað slökkvilið, lækni- eða önnur neyðarþjónusta myndi vera fljótari á milli staða en nú er. Í neyðartilfellum getur hver mínúta skipt máli. Andstæðingar þessarar veglínu telja að hún hefði neikvæð áhrif á ferðaþjónustuna hér í Mýrdal.

Þar er ég algjörlega á öndverðum meiði og tel mig þekkja vel til í þeim málum. Mest sóttu staðir í Mýrdal eru Sólheimajökull, Dyrhólaey, Reynisfjara og Vík. Með vegi sem lægi um norðurbakka Dyrhólaóss myndi vegalengd milli þessara helstu ferðamannastaða varla verða meira en steinsnar. Það gerir leiðsögumönnum kleyft að koma við á öllum stöðunum í stað þess að þurfa að velja á milli, sem oft er raunin, sérstaklega í haust og vetrarferðum sem eru í hægum en öruggum vexti.

Mjög oft hef ég verið spurður af ferðamönnum sem staldra við í Vík hvort ekki sé hægt að ganga yfir Reynisfjall og út fjöru til Dyrhólaeyjar. Þá er fjallasýnin frá bökkum Dyrhólaóss einstaklega falleg og fuglalíf við Ósinn mikið. Að umferð þarna verði því til óþurftar tel ég algjöra villikenningu.

Það virðist vera að alls konar fuglar sæki í návist mannsins, frekar en hitt. Bendi ég í því sambandi á kríuvarpið sem hefur verið hér á milli húsa í áratugi á meðan krían í friðlandinu Dyrhólaey virðist eiga í vök að verjast. Þá hefur verið sívaxandi mófuglavarp innan þorpsins á síðustu árum, auk þess

sem lundinn er að taka sér bólfestu nánast við húsgaflana í vestasta hluta Víkurkaupþúns. Fækkun í sumum fuglategundum stafar af ætisskorti og offjölgun tófu en ekki af ágangi mannsins.

## Sjóvarnir

Ein aðal forsenda þess að vegur geti komið sunnan Víkurkaupþúns er að stöðva nú þegar landbrotið í fjörunni. Og það þarf auðvitað að gerast strax, burtséð frá öllum vegafarmkvæmdum. Er reyndar alveg furðulegt hvað hefur dregist að hefjast handa um það verk. Þá er líka illskiljanlegt hversvegna sandgildirnar hafa verið látnar drabbast niður og fara í sjóinn án þess að setja upp nýjar og bæta á þær sem eru komnar í kaf.

Fyrir u.þ.b. tíu árum sat undirritaður borgarafund á „Ströndinni“ í Víkurskála þar sem Gísli Viggósson var með erindi um þetta mál en þá og reyndar miklu fyrr var augljóst hvert stefndi.

Ég ásamt fleirum spurðum sérfræðinginn hvort ekki væri reynandi að tefja landbrotið með ódýrum aðferðum, s.s. að setja grjótpylsur til að verja ræturnar á melnum svo sjórinn skolaði síður sandinum úr þeim. Fyrir þetta uppskárur við sveitamenn einungis hæðnishlátur frá sérfræðingnum, sem sagði að ekkert dygði nema risavaxinn grjótgarður til að stoppa Atlantshafið í þessu verki.

Nú er tíminn hlaupinn frá okkur og grjótgarðurinn ferlegi kannski það eina sem til greina kemur. Þó er eitt sem ég á mjög erfitt með að skilja en þessi sami óskeikuli Gísli Viggósson segir okkur að ef vegur á að liggja með sjónum þurfi þessi grjótgarður að vera 5,9m hærra en flóðvarnargarðurinn sem liggur innan við fjörुकambinn. (Takið eftir hinn vísindalegu nákvæmni! 5,9m því ekki 6m?) Þetta þykir mér furðuleg ályktun,

vegna þess að nú eru hæstu melakollarnir við sjóinn nánast jafnháir flóðvarnargarðinum en í mestu vetrarbrimur nær sjórinn þó aðeins að skvettast inn fyrir um lægstu skörðin. Allt mun þetta vera reiknað samkvæmt einhverjum formúlum eftir ölduhæð við Surtsey og auðvitað ekkert mark takandi á á einhverjum leikmönnum hér í Vík, sem hafa þó fylgst með sjónum hér í áratugi.

Í miklu hafróti kemur sjórinn svo margbrotinn í fjöruna eftir grynningarnar á Víkinni, að landsjórinn er tiltölulega máttlítill. Reginmunur er á þessu sjólagi hér í Víkurfjöru og vestan Fjallsins í Reynisfjöru þar sem aðdýpi gerir það að verkum að landsjórinn er margfalt sterkari. Þrátt fyrir það sýnist mér að „sérfræðingurinn að sunnan“ leggi þetta að líku, enda auðvitað miklu marktækara að reikna þetta út frá ölduduflinu við Surtsey frekar en að fylgjast með því á vettvangi. Hitt er svo auðvitað rétt að smátt og smátt tapast sandurinn úr fjörunni út á svo mikið dýpi að hann á ekki afturkvæmt á Víkina og þar dýpkar smátt og smátt. Það verða samt jafnvel einhverjir áratugir þangað til að sjórinn fer að ganga óbrotinn upp í fjöru eins og í Reynisfjörunni og þá má auðvitað hækka garðinn ef þarf.

Það ætti ekki að vera verra að dreifa kostnaðinum við þetta á tíu til tuttugu ár eins og allt er í pottinn búið í dag og óþarft að leggja miklu meira í verkið en nauðsyn krefur. Nógur mun kostnaðurinn verða samt. Og kannski verður Katla komin áður og þá verður garðurinn fljótt óþarfur.

Enn þá betra væri þó að fara eftir hugmyndum Gylfa Júlíussonar fv. vegaverkstjóra í Vík, sem hann hefur sett fram og eru í þá veru að setja lága brimbrjóta nokkuð frá ströndinni og þá dygði tiltölulega lítil bakkavörn fyrir fjöruna sjálfa. Eftir að hafa skoðað þær tillögur að veglínum sem nú